

Dalagisting ehf. 69. fundur.

Miðvikudaginn 4. september 2019 var haldinn stjórnarfundur sem var símafundur og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru: Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Anna Berglind Halldórsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Tryggvi Guðmundsson og Kristján Sturluson.

Pálmi Jóhannsson náði ekki sambandi við fundinn vegna villu sem var í SMS boðum frá framkvæmdastjóra.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason formaður stjórnar stýrði fundi.

Dagskrá:

1. Niðurstaða eftir að tilboðsfrestur er útrunninn.

Engin tilboð bárust í eignirnar á Laugum. Næsta skref er að semja við fasteignasölur um að halda söluferlinu áfram.

2. Starfsemi á Laugum í vetur.

Ekki verður starfsemi í vetur og ekki leigt út fyrir hópa.
Samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál

Tryggvi upplýsti að aðsókn í sumar hefði verið góð og því myndu leigutekjur til Dalagistingar fyrir sumarið hækka.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:33.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson.

Anna Berglind Halldórsdóttir

Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Guðmundur Gunnarsson

Tryggvi Guðmundsson

Kristján Sturluson

Fundargerð staðfest af fundarmönnum í tölvupóstum.